Minnisblað

Svar við fyrirspurn Bæjarlistans sem lögð var fram á fundi Fjölskylduráðs 12. október 2018

Bæjarlistinn leggur fyrirspurn fyrir Fjölskylduráð 12.10.2018 er varðar ***veikindalaun starfsmanna****. Bæjarlistinn óskar eftir að fá samantekt á veikindalaunum í félagsþjónustunni, sundurgreint eftir verkefnum.*
Einnig óskar Bæjarlistinn eftir upplýsingum varðandi stöðu samþykktar ***að auka hlut fagmenntaðra starfsmanna í félagsþjónustunni.***

Veikindalaun starfsmanna á fjölskylduþjónustu

Eftirfarandi tölur eru unnar upp úr launakerfi bæjarins og byggja á dagvinnulaunum, yfirvinnulaunum, öðrum launum, orlofi, bifreiðastyrk, lífeyrissjóði, stéttarfélagi og tryggingagjaldi sem hafa verið greidd í veikindum starfsmanna frá 1. janúar 2018 til 30. september 2018.

Heildarlaunakostnaður vegna veikinda á tímabilinu var 64.658.784 kr. eða 4,5% af heildarlaunakostnaði á sviðinu.

Flokkun eftir verkefnum:

- Starfsmenn heimaþjónustu og tómstund aldraðra 9.590.676 kr.
- Starfsmenn sem vinna að málefnum fatlaðra 44.036.721 kr.
- Starfsfólk á skrifstofu félagsþjónustu 11.031.387 kr.

Fagmenntaðir starfsmenn í félagsþjónustunni

Á fundi Fjölskylduráðs þann 7.október 2016 var eftirfarandi bókun gerð undir málinu: Fatlað fólk, menntunarstig á starfsstöðvum.
„Hrönn Hilmarsdóttir, deildarstjóri mætti á fundinn og fór yfir upplýsingar um menntunarstig á starfsstöðvum sem þjónusta fatlað fólk. Fjölskylduráð stefnir á að hlutfall fagfólks sem vinnur með fötluðu fólki verði aukið, með því að auglýst sérstaklega eftir fagmenntuðu starfsfólki þegar stöður losna. Markmið ársins 2017 verður að auka hlutfallið í 40%, sem í dag er 25%, og verður gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun.“

Í kjölfar þessarar ákvörðunar ráðsins hefur ávallt verið auglýst eftir þroskaþjálfum til starfa á starfsstöðvum fatlaðs fólks eða annarri háskólamenntun sem nýtist í stafi. Erfitt hefur reynst að fá fagfólk til starfa og á það sérstaklega við á vaktavinnustöðum. Auglýst er eftir ófaglærðu fólki þegar ekki reynist unnt að fá fagfólk til starfa. Fagfólk er þá fremur ráðið á vökutíma þjónustunotenda til að nýta starfskrafta þeirra sem best. Einungis er auglýst eftir ófaglærðu fólki þegar ekki fæst fagfólk.
Þessi ákvörðun Fjölskylduráðs hefur stutt við faglegt starf á starfsstöðvunum.
Fjölgun fagfólks hefur skilað sér einna best á dagvinnustöðunum þó ekki í Geitungana enn sem komið er.

Niðurstöður eru eftirfarandi:

Árið 2015	26%	með háskólamenntun sem nýtist í starfi.
Árið 2016	24%	með háskólamenntun sem nýtist í starfi.
Árið 2017	25%	með háskólamenntun sem nýtist í starfi.
Árið 2018	32%	með háskólamenntun sem nýtist í starfi.

Árið 2018

3 staðir með undir 20%
6 staðir með 21-30%
4 staðir með 31-40%
2 staðir með hærra hlutfall.

Hafnarfjörður 8. nóvember 2018
Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskyldudjónustu.